

Ferðavenjur

Veturinn 2007 - 2008



Unnið fyrir samgönguráð

**Land-
ráð sf**

Dr. Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur
Október 2008

Efnisyfirlit

Ágrip.....	4
Inngangur.....	5
Ferðir innan búsetusvæðis.....	6
Innanlandsflug.....	13
Ferðavenjur innan höfuðborgarsvæðis.....	26
Viðauki I: Kannanir Land-ráðs sf um samgöngur.....	37
Viðauki II: Spurningalisti.....	38

Ágrip

Helstu niðurstöður þessarar könnunar Land-ráðs sf á ferðavenjum landsmanna veturinn 2007 – 2008 eru eftirfarandi:

A) Ferðir út fyrir búsetusvæði:

- Dregið hefur úr fjölda lengri ferða síðustu misseri. Meðalferðatími hefur því styst verulega. Fjöldi ferða er þó svipaður og nokkur aukning er á ferðum til höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega frá jaðarbyggðum þess.
- Eins og fyrr eru það ungir karlar sem eru mun meira á ferðinni en aðrir þjóðfélagshópar, ekki síst í vinnuferðum
- Ferðamáti helst svipaður þ.e. að um 85% ferða eru farnar á einkabíl og nær 90% ef farþegar eru taldir með. Erindi eru svipuð og í fyrri könnunum, aðallega vinnuferðir, frí og heimsóknir til ættingja og vina. Verslunarferðum fækkar en ferðum til læknis fjölgar.
- Mun færri nefna nú Sundabraut sem mikilvægastur framkvæmd við samgöngukerfið en áður og fleiri nefna helstu þjóðvegi út frá höfuðborgarsvæðinu t.d. Reykjanesbraut og Suðurlandsveg.

B) Innanlandsflug:

- Um fjórðungs aukning hefur orðið á ferðum með innanlandsflugi frá könnun 2005. Fólk búsett í landsbyggðakjörnum flýgur að meðaltali rúmlega 4 ferðir á ári innanlands og íbúar höfuðborgarsvæðisins 2,5 ferðir, er það meir en helmingi aukning frá könnun 2005.
- Um helmingur íbúa landsbyggðakjarna nota innanlandsflug stundum eða oft til að komast í flug til útlanda
- Í nýlegum könnunum kemur fram að 57% til 70% landsmanna (vaxandi hlutfall) vill ekki að miðstöð innanlandsflugs verði flutt úr Vatnsmýri og 50 til 64% íbúa Reykjavíkur..
- Ef miðstöð innanlandsflug verður flutt vilja 51% svarenda að hún verði flutt til Keflavíkur og 57% íbúa höfuðborgarsvæðis. Hólmsheiði og Löngusker fá samtals aðeins 20% stuðning.

C) Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu:

- Á virkum degi fara íbúar höfuðborgarsvæðinu 4 ferðir að meðaltali. Meðalvegalengd milli heimilis og vinnustaðar er rúmlega 6 km og meðalferðatími rúmar 9 mínútur. Meðalferðahraði er rúmlega 40 km á klst.
- Stysti ferðatími er miðsvæðis í Reykjavík milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar. Fólk eyðir að jafnaði 52 mínútum í einkabíl á virkum degi.
- Notkun einkabíla er minnst í vesturhluta borgarinnar og þar er mest, hjólað, gengið og notkun strætisvagna mest.
- Um 54% svarenda töldu æskilegt að koma á lestarkerfi á höfuðborgarsvæðinu en 60% töldu það ekki raunhæfan kost.
- Tæp 90% svarenda sögðu að stefna ætti að lestarsamgöngum milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins
- Um 74% svarenda voru hlynntir því að helstu umferðaræðar á höfuðborgarsvæðinu væru settar í göng eða stokka.

- Mislæg gatnamót á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar voru efst á lista svarenda um mikilvægustu framkvæmd á höfuðborgarsvæðinu, þá Sundabraut yfir Kleppsvík og Hlíðarfótur undir Öskjuhlíð í þriðja sæti.


Inngangur

Skýrsla þessi er unnin fyrir samgönguyfirvöld af Land-ráði sf í samvinnu við Miðlun ehf. Hún er kostuð af Vegagerðinni og Flugstoðum ohf. Meginmarkmið könnunarinnar var að fá skýra mynd af ferðavenjum innanlands og breytingum á þeim. Upplýsingarnar eru hugsaðar sem grunngögn við almenna stefnumótun í samgöngumálum, sérstaklega fyrir endurskoðun á samgönguáætlun.

Viðhorfskönnunin sem er símakönnun fór fram í mars og apríl 2008 og tók aðallega til tímabilsins desember 2007 til febrúar 2008. Sambærileg könnun var gerð fyrir sumarið 2007. Tóku um 750 manns í þessari könnun og var svarhlutfallið um 56%. Könnunarstaðir voru þeir sömu og í svipaðri könnun sem Land-ráð sf vann fyrir samgönguyfirvöld á vetrarferðum 2004 - 2005. Þeir eru Höfuðborgarsvæðið, Árborg, Reykjanesbær og Akranes (jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins), Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir (landsbyggðarkjarnar). Þá er höfuðborgarsvæðinu skipt í 4 hluta.

Könnunin skiptist í þrjá þætti; a) ferðir út fyrir búsetusvæði, b) innanlandsflug og c) ferðir innan höfuðborgarsvæðis. Spurt var 35 spurninga um ferðavenjur (sjá spurningalista í viðauka I). Þær eru flestar þær sömu og í sumarkönnun 2007. Í þessari könnun er spurt nokkuð ítarlega um ferðavenjur innan höfuðborgarsvæðis eins og í sumarkönnun 2007.


Ætlunin er að fylgjast með þróuninni í samgönguvenjum með árlegum viðhorfskönnunum á næstu árum þ.e. spurt er um ferðavenjur að vetri og að sumri til skiptis sitt hvort árið. Þetta er önnur könnunin í því ferli. Með því að fylgjast með reglulubundnum hætti með þróun í samgöngum og samgönguvenjum má bregðast hratt við og aðlaga stefnumótun að breytilegu ferðamynstri og stýra þróuninni í æskilega farvegi.



Ferðir út fyrir búsetusvæði

Vinnuferðir: Ekki eru verulegar breytingar á hlutfalli allra svarenda sem segjast vinna utan búsetusvæðis yfir vetrartímann 2005 og 2008 þ.e. 10% 2008 og 9% 2005. Aftur á móti er áfram verulegur munur milli könnunarsvæða og er hlutfallið áfram hæst og vaxandi í jaðarbyggð (ferðabeltinu) þ.e. 16% svarenda 2005 og 20% 2008. Hlutfallið fyrir höfuðborgarsvæðið hefur lækkað en aukist lítillega fyrir landsbyggðakjarna og var um 7% 2008.


Hlutfall þeirra sem fara reglulega út fyrir búsetusvæði vegna vinnu er almennt svipað 2008 og 2005 um 9% alls, 6% fyrir höfuðborgarsvæði, 14% jaðarbyggð og 8% fyrir landsbyggðakjarna. Vinna utan búsetusvæðis og reglulegar ferðir vegna vinnu eru breytilegar eftir félagshópum. Karlmenn eru fjórfalt meira á ferðinni en konur, ungt fólk 25 -34 ára vinnur mest utan svæðis auk þess sem vinna utan búsetusvæðis vex með hækkandi tekjum.



Mynd 1

Ferðatími til vinnu – allar ferðir: Ef litið er til allra ferða til vinnu bæði innan og utan búsetusvæðis var meðalferðatími fyrir alla könnunarstaði rúmar 13 mínútur 2008 og 15½ mínúta á höfuðborgarsvæðinu. Þetta getur ekki talist langur tími t.d. miðað við borgarsvæði í Svíþjóð þar sem meðalferðatími frá heimili til vinnu innan borgarsvæðanna er um hálf klukkustund.


Um 45% af vinnuferðum þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðis taka 5 mínútur eða styttri tíma en flestar vinnuferðir á höfuðborgarsvæðinu taka 7 – 15 mínútur. Um 20% allra vinnuferða taka yfir 15 mínútur og eru flestar út fyrir búsetusvæði, sérstaklega hjá þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðis.



Mynd 2


Ferðatími til vinnu út fyrir búsetusvæði: Umtalsverð breyting hefur orðið á meðalferðatíma þeirra sem vinna utan búsetusvæðis frá vetrinum 2004 – 2005. Þá var meðalferðatími um 72 mínútur en reyndist nú um 51 mínúta. Helstu skýringar á styttri ferðatíma eru líklega þær að dregið hefur verulega úr umsvifum vegna virkjanaframkvæmda á Austurlandi og eins mun vöxtur í innanlandsflugi hafa dregið úr hlutfalli lengri ferðatíma (akstri). Þá var almennt farið að draga nokkuð úr umsvifum í atvinnulífi í ársbyrjun 2008 og eldsneytisverð hafði hækkað mikið.

Meðalferðatími frá jaðarbyggðum er sá sami, um 40 mínútur þ.e. ferðatími til höfuðborgarsvæðis. En umtalsvert hefur dregið úr lengri ferðum frá höfuðborgarsvæði og landsbyggðakjörnum.




Mynd 3

Ferðatími allar ferðir út fyrir búsetusvæði: Sama á við um allar ferðir út fyrir búsetusvæði og vinnuferðir. Meðalferðatími hefur styst um helming frá vetrinum 2004 – 2005. Þá var meðalferðatími um 3 klst en var veturinn 2007 – 2008 1½ klukkustund. Það hefur því dregið verulega úr lengri ferðum. Líklega eru helst u skýringar þær að dregið hefur verulega úr lengri ferðum t.d. til Austurlands og að flug til Reykjavíkur frá landsbyggðakjörnunum er orðið stærri hluti af ferðum en 2005, auk þess mun mikil hækkan á eldsneytisverði frá 2005 hafa leitt til styttri ferða.



Mynd 4


Meðalfjöldi ferða út fyrir búsetusvæði: Tíðni ferða út fyrir búsetusvæði hefur ekki dregist saman í heildina eins og lengd ferða, þvert á móti því að farnar voru að meðaltali 15 ferðir þessa 3 vetrarmánuði 2007 – 2008 en 14 2004-2005. Mest aukning varð á ferðum frá jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins úr 21 í 28 ferðir. Veturinn 2007-2008 fóru svarendur í jaðarbyggðum að meðaltali 2 ferðir á viku út fyrir búsetusvæði og það aðallega til höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 5

Ferðamáti út fyrir búsetusvæði:

Eins og í fyrri könnunum eru um 85% ferða út fyrir búsetusvæði farnar á eigin bíl og 3% til viðbótar




Mynd 6

sem farþegi með öðrum á einkabíl. Um 8% ferða eru með flugi, 5% á annan hátt þar af 2% með rútu og önnur 2% á fyrirtækisbíl. Helstu breytingar frá vetrarferðum 2004 – 2005 eru þær að töluverð aukning er á innanlandsflugi frá landsbyggðakjörnum, úr 15% í 18% af öllum ferðum. Þá hefur ferðum sem farþega í einkabíl fækkað sem bendir til þess að farþegarnir hafi fært sig á innanlandsflugið, jaðarbyggðin sker sig úr með yfirgnæfandi notkun einkabíls eða 95% og nær engri notkun innanlandsflugs þ.e. innan við 1% ferða.

Erindi:

Spurt var í hvaða erindum ferðaðist þú oftast út fyrir búsetusvæði síðastliðinn vetur. Eins og fyrr skera þrjú erindisflokkar sig úr sem algengustu erindi ferða; frí, heimsóknir til vina og ættingja og ferðir vegna vinnu (nefna mátti fleiri en eitt erindi). Færri nefna heimsókn til vina og ættingja sem helsta erindi vetrarferða 2007 – 2008 en veturinn 2004 – 2005. Íþóttiferðum fækkar umtalsvert og verslunarferðum einnig nokkuð.


Af öðrum erindum 2007 – 2008 (24% svara) má nefna læknisheimsóknir um 7% allra svara og flug til útlanda 5%. Karlar fara helmingi oftast út fyrir búsetusvæði vegna vinnu en konur, íbúar jaðarbyggðar fara mikið í verslunarferðir þ.e. um 29% erinda og fólk 65 ára og eldra fer mikið vegna læknisheimsókna eða um 17% erinda. Svarendur á Selfossi og Egilsstöðum fara oftast en aðrir í læknisheimsóknir út fyrir búsetusvæði.



Mynd 7


Hætt við ferð vegna veðurs eða ófærðar.

Spurt var, hversu oft hættir þú við ferð út fyrir búsetusvæði síðastliðinn vetur vegna veðurs eða ófærðar? Ekki hefur verið spurt um þetta áður í samgöngukönnunum Land-ráðs sf. Um 36% allra svarenda svöruðu að þeir hefðu hætt við ferð, 24% einu sinni eða tvisvar og 12% þrisvar eða oftar. Fleiri konur en karlar hafa hætt við ferð og þeir yngri hafa frekar látið veðrið hafa áhrif á ferðir sínar en þeir sem eldri eru. Aðeins um fjórðungur landsbyggðarfólks hætti við ferð síðastliðinn vetur borið saman við 42% svarenda á höfuðborgarsvæði.



Mynd 8

Ferðir til höfuðborgarsvæðisins: Að meðaltali fóru allir svarendur sem bjuggu utan höfuðborgarsvæðis 12,3 ferðir til höfuðborgarsvæðisins þessa þrjá mánuði (desember til febrúar) vorið 2008 (11 ferðir vorið 2005), en það er um tveir þriðju af öllum ferðum frá þessum byggðum. En þessum ferðum var mjög misskipt eftir búsetu. Að meðaltali fóru íbúar jaðarbyggða um 22 ferðir þ.e. um 1,8 ferðir á viku að meðaltali (78% af öllum ferðum) en íbúar landsbyggðakjarna 1,9 ferðir að meðaltali þ.e 20% allra ferða út fyrir búsetusvæði. Þetta eru svipaðar niðurstöður og í vetrarkönnun 2005 nema að ferðir frá landsbyggðakjörnum eru ívið færri, en fleiri frá jaðarbyggðum (sjá töflu 1)



Mynd 9

Ferðatíðni elsta og yngsta aldurshópsins hefur aukist frá 2004 - 2005, en heldur dregið úr ferðum fólks á aldrinum 35 – 54 ára. Líklega eru ferðir vegna skólasóknar algengar meðal þeirra yngstu og læknisheimsóknir hjá elsta aldurshópnum. Karlar fara oftast til höfuðborgarsvæðisins en konur og yngsti aldurshópurinn 18 – 34 mun oftast en þeir sem eldri eru. Almenn tækni ferðatíðni með bæði meiri menntun og hærri tekjum.


Í töflunni hér á neðan má sjá ferðatíðni eftir 6 könnunarstöðum þessi tvö tímabil. Þar kemur m.a. fram að mest aukning hefur verið á ferðum frá Selfossi/Árborgarsvæði og mest fækkun ferða frá Egilsstöðum af landsbyggðakjörnum enda hafði degið verulega úr framkvæmdum við Kárahnjúkavirkun og byggingu álvers í Reyðarfirði frá 2004. Reykjanesbær er enn með tíðustu ferðir í jaðarbyggð (24) og Ísafjörður af landsbyggðakjörnum (2,2). Lítillega hefur dregið úr tíðni ferða frá landsbyggðakjörnum til höfuðborgarinnar meðan tíðni ferða frá jaðarbyggðum hefur aukist sérstaklega frá Árborg (Selfossi) frá 2005.

Tafla 1. Tíðni vetrarferða til höfuðborgarsvæðisins 2004 og 2008

Könnunarstaður	Vetur 2003 – 2004	Vetur 2007 – 2008
Reykjanesbær	23,8	24,1
Akranes	21,1	21,7
Selfoss	17,4	20,6
Ísafjörður	2,5	2,2
Akureyri	2,0	1,9
Egilsstaðir	2,4	1,7


Hvert á höfuðborgarsvæðinu átt þú oftast erindi?

Um 16% svarenda sögðust oftast eiga erindi í Reykjavík I þ.e. miðborgina og nágrenni. Flestir eða 34% í Reykjavík II ,hverfin milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar. 20% í úthverfi Reykjavíkur og Mosfellsbæ, Reykjavík III og 30% í sveitarfélögin sunnan Reykjavíkur þar af 20% í Kópavog eða fleiri en eiga erindi í miðborgina. Ef við lítum nánar á hverjir segjast oftast eiga erindi í miðborgina, Reykjavík I, eru það konur frekar en karlar, fólk yfir fimmtugt, Akureyringar og fólk með háskólamenntun.



Mynd 10


Fólk í jaðarbyggðum sækir meira í suðurhluta höfuðborgarsvæðisins en landsbyggðafólk, líklega til að versla í Smáranum. Landsbyggðarfólk sækir nokkuð mikið í úthverfi Reykjavíkur, Reykjavík III, líklega í þjónustufyrirtæki þar. Í könnun meðal flugfarþega vorið 2006 kom í ljós að meirihluti þeirra átti erindi í miðborgina sem er meira en tvöfalt hærra hlutfall en kemur fram í þessari könnun.



Mynd 11

Mikilvægasta framkvæmd á samgöngukerfi?

Þessarar spurningar var fyrst spurt í könnun fyrir sumarið 2007. Því eru ekki til upplýsingar fyrir veturinn 2004 – 2005 til samanburðar.



Mynd 12


Helstu breytingar frá sumarkönnun 2007 eru þær að tvöföldun Reykjanesbrautar, almennar umbætur á hringveginum (m.a. tvöföldun akreina) og breikkun Suðurlandsvegar fá mestan stuðning veturinn 2007 – 2008 og stuðningur við þær hefur aukist mest frá sumrinu 2007. Mun færri nefna nú Sundabraut og umbætur á stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins. Einnig er heldur minni stuðningur við vegabætur (jarðgöng) á Vestfjörðum og jarðgöng á Austurlandi.

Ný atriði sem komast á blað eru; lestarkerfi á höfuðborgarsvæðinu, að lækka bensínverð og að fá strætisvagnaferðir milli Selfoss og höfuðborgarsvæðisins. Annars lítur listinn um æskilegar framkvæmdir svipað út í þessu tveimur könnunum.

Innanlandsflug

Flaugst þú innanlands veturinn 2007 – 2008 (desember til febrúar)?


Um 28% allra svarenda í könnun svaraði spurningunni játandi, en mikill munur var eftir búsetu. 60% svarenda í landsbyggðarkjörnum svaraði játandi, 21% á höfuðborgarsvæðinu og aðeins 10% þátttakenda í jaðarbyggðum. Þeir sem eru 45 ára og yngri flugu meira innanlands þessa þrjá mánuði en eldri aldurshópar. Heldur fleiri konur en karlar flugu innanlands þetta tímabil. Háskólaborgarar og þeir sem eru í efsta tekjuflokknum fljúga oftast en aðrir.



Mynd 13

Hve oft flaugst þú innanlands desember 2007 – febrúar 2008?

Um 72% svarenda flugu ekki innanlands þetta tímabil. Um 19% svarenda flugu 1 – 2 sinnum og 9%



Mynd 14

3 sinnum eða oftar. Um 39% svarenda í landsbyggðakjörnum flugu 1 – 2 sinnum þetta tímabil og 22% 3 sinnum eða oftar. Meðaltal ferða þennan vetrartíma var 0.7 ferðir alls, 1,6 fyrir landsbyggðakjarna, 0,5 ferðir hjá svarendum á höfuðborgarsvæði og 0,2 ferðir að meðaltali fyrir jaðarbyggð.


Af þeim sem flugu þetta tímabil flugu 44% einu sinni, 42% 2 til 4 sinnum og 14% fimm sinnum eða oftar.

Hve oft er flogið að jafnaði innanlands á ári?

Notkun Innanlandsflugs er heldur að aukast síðustu misserin sem sést á því að vorið 2005 svöruðu þátttakendur í könnun Land-ráðs sf að þeir flygju að meðaltali 2 sinnum á ári en vorið 2008 var meðaltalið 2,5 ferðir.

Um 42% allra svarenda segjast aldrei nota innanlandsflug, 49% svarenda á höfuðborgarsvæði, 63% svarenda í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins og 11% svarenda í landsbyggðakjörnum.

Meðalfjöldi flugferða eykst mest á þessu tímabili hjá íbúum höfuðborgarsvæðisins og jaðarbyggða. Farið er að draga úr ferðum til og frá Egilsstöðum í samræmi við það að stórframkvæmdum er að ljúka þar, en nokkur aukning er á flugi til og frá Ísafirði. Meðalfjöldi flugferða 2007-2008 var 4,2 ferðir frá landsbyggðakjörnum, 2.1 frá höfuðborgarsvæði og 1,3 frá jaðarbyggð.




Mynd 15

Hve oft er flogið til Reykjavíkur að jafnaði á ári? (þeir sem nota innanlandsflug reglulega)

Svarendur í landsbyggðakjörnum þremur sem nota innanlandsflug reglulega fljúga að meðaltali um 4,2 ferðir á ári til Reykjavíkur. Meðalfjöldi ferða er 4,7 frá Ísafirði, 4,4 frá Egilsstöðum og 3,5 frá Akureyri. Um 46% fljúga 4 sinnum á ári eða oftar og 25% 7 sinnum á ári eða oftar.


Það er fólk á miðjum aldri sem flýgur oftast, fólk með háar tekjur, framhaldskóla- eða háskólamenntun. Það fólk flýgur að meðaltali 7 – 8 sinnum á ári til Reykjavíkur. Athygli vekur að konur fljúga heldur oftar en karlar. Aðeins um 3% af þeim sem svöruðu spurningunni og fljúga reglulega flugu ekki til Reykjavíkur á sl ári sem sýnir mikilvægi Reykjavíkur í flugmynstri innanlands.



Mynd 16

Flug frá höfuðborgarsvæðinu út á land (þeir sem nota innanlandsflug reglulega):

Það kemur nokkuð á óvart hvað þeir svarendur á höfuðborgarsvæðinu sem nota innanlandsflug reglulega fljúga oft út á land eða 3,8 sinnum á ári að meðaltali. Rétt er í þessu sambandi að minna á að 49% svarenda á höfuðborgarsvæðinu sögðust aldrei nota innanlandsflug.




Mynd 17

Athygli vekur að 31% notenda innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu segjast nota innanlandsflug að jafnaði 7 sinnum eða oftar á ári, en sama hlutfall fyrir landsbyggðakjarna var 25%.

Notar þú innanlandsflug meira, minna eða svipað og fyrir 3 til 5 árum?

Ekki er um verulegar langtímabreytingar á notkun á innanlandsflugi samkvæmt svörum fólks í könnunum í mars 2005 og 2008. Í fyrri könnuninni voru hlutfallslega fleiri sem sögðust á þeim tíma nota innanlandsflug minna en áður. Í könnuninni í mars 2008 voru aftur á móti fleiri eða 55% sem sögðust nota innanlandsflug svipað og áður.




Mynd 18

Ekki eru verulegur munur á svörum eftir búsetu, helst að íbúar höfuðborgarsvæðis og jaðarbyggða telja sig nota innanlandsflug heldur meira en áður. Konur, yngra fólk, háskólaborgarar og fólk í hæsta tekjuflokki telja sig nota flug mun meira en áður borið saman við aðra hópa.

Helsta erindi með síðasta innanlandsflugi:

Erindi með innanlandsflugi eru svipuð og erindi út fyrir búsetusvæði með öðrum fararmátum þ.e. ferðir vegna vinnu, heimsóknir til ættingja og vina og frí eru stærstu erindisflokkarnir. Sérkenni erinda með flugi eru m.a þau að verslun er aðeins aðalerindi í 1% flugferða en 12% allra ferða út fyrir búsetusvæði. Hærra hlutfall höfuðborgarbúa notar innanlandsflug til að komast í frí innanlands en frá öðrum búsetusvæðum


Þá eru 9% ferða í innanlandsflugi hjá svarendum í landsbyggðakjörnum til að komast í flug til útlanda og 14% vegna læknisheimsókna. En hvorug þessi erindi komast á blað hjá svarendum búsettum á höfuðborgarsvæði og í jaðarbyggðum þess. Í sumarkönnun 2007 var aðalerindi 11% svarenda landsbyggðakjarna að komast í flug til útlanda og 6% til að komast til læknis. Þannig að fólk treystir frekar á bílinn til að komast til læknis á sumartíma og flýgur þá einnig meira til útlanda.



Mynd 19

Á hvers vegum er yfirleitt flogið?

Rúm 70 % svarenda flýgur á eigin vegum, 12% á vegum opinberra aðila og 18% á vegum einkafyrirtækja. Þetta eru svipaðar niðurstöður og í sumarkönnun 2007 en þá sögðust 66% fljúga á eigin vegum, 13 % á vegum opinberra aðila og 21% á vegum einkafyrirtækja.



Mynd 20


Í könnun Land-ráðs sf meðal flugfarþega vorið 2006 kom í ljós að 40% flugu á vegum einkafyrirtækja, 49% á eigin vegum og 11% á vegum opinberra aðila. Þannig að mun stærri hluti þeirra sem fljúga mikið fljúga á vegum einkafyrirtækja í viðskiptaerindum en þeir sem nota flug tiltölulega lítið. Konur og eldra fólk flýgur oft á eigin vegum en aðrir og eins fólk frá landsbyggðakjörnum . Fólk búsett í jaðarbyggð og fólk með háskólamenntun flýgur oft en aðrir á vegum opinberra aðila. Karlar

á miðjum aldri með góða menntun og háar tekjur fljúga meira á vegum einkafyrirtækja en aðrir hópar.

Hve oft flýgur þú að jafnaði til útlanda?

Um 17% svarenda segjast fljúga aldrei eða sjaldnar en árlega til útlanda, 71% 1 sinni til 3 sinnum á ári og 13% 4 sinnum eða oftár. Þetta eru svipaðar tölur og komu fram í sumarkönnun 2007, en þá sögðust um 21% fljúga sjaldnar en árlega, 66% 1-3sinnum á ári og 13% 4sinnum eða oftár.

Meðalfjöldi flugferða til útlanda voru 2,6 ferðir í vetrarkönnun 2007 – 2008 og 2 ferðir sumarið 2007 þ.e. heldur vaxandi tíðni. Íbúar höfuðborgarsvæðisins fljúga áberandi mest eða 3,1ferð á ári að jafnaði, svarendur í jaðarbyggð 2,4 og í landsbyggðakjörnum 1,9 ferðir að jafnaði á ári. Tíðni ferða hefur aukist á öllum könnunarsvæðum frá sumarkönnun 2007.




Mynd 21

Fólk á aldrinum 25 – 34 ára flýgur mest til útlanda og þeir sem eru með mikla menntun og háar tekjur. Svarendur í elsta hluta Reykjavíkur Vestan Kringlumýrarbrautar flýgur mest til útlanda af íbúum höfuðborgarsvæðis.

Innanlandsflug á leið í flug til útlanda:


Ef litið er til allra landsbyggðakjarnanna þriggja segjast um 38% alltaf eða oft nota innanlandsflug á leið í flug til útlanda. Stundum segja 18% og sjaldan eða aldrei 44%. Meirihluti svarenda eða 56% notar því stundum, oft eða alltaf innanlandsflug á leið í flug til útlanda. Athygli vekur að Ísfirðingar og Egilsstaðabúar segja mun oftár en Akureyringar alltaf nota innanlandsflug í þessum tilgangi þ.e. rúmlega 20% svarenda á móti 9% Akureyringa. Ekki er mikill munur milli félagshópa hvað þetta varðar en heldur fleiri karlar en konur eru í þessum hópi og fólk á miðjum aldri.



Mynd 22

Innanlandsflug til Keflavíkur –áhrif á ferðamáta :

Ef miðstöð innanlandsflugs verður flutt til Keflavíkur sögðust rúmur helmingur svarenda á höfuðborgarsvæðisinu myndu nota innanlandsflug álíka mikið og áður, sama á við 58% svarenda í jaðarbyggðum en aðeins 27% íbúa í landsbyggðakjörnum.




Mynd 23

Ef svör íbúa Reykjanesbæjar (92% sögðust myndu fljúga í sama mæli) eru dregin frá meðaltali svara í jaðarbyggðum lækkar það hlutfall í 40% þ.e. um 60% svarenda í Árborg og Akranesi myndu frekar nota einkabílinn. Það er helst yngstu og elstu svarendur sem segjast myndu nota einkabílinn meira.

En ef byggðar yrðu upp lestarsamgöngur milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar?

Tæplega tveir þriðju allra svarenda sögðust myndu nota innanlandsflug í svipuðum mæli þótt komið væri á lestarsamgöngum milli höfuðborgarinnar og Keflavíkurflugvallar ef miðstöð innanlandsflugs yrði flutt til Keflavíkur. Aðeins 8% töldu sig myndu nota innanlandsflugið meira og 28% minna.


Ekki er verulegur munur á svörum íbúa höfuðborgarsvæðis og jaðarbyggða, en áberandi hæsta hlutfall íbúa landsbyggðakjarna töldu sig myndu nota innanlandsflug minna eða 38%. Tiltölulega margir á Selfossi/Árborg sögðust myndu nota innanlandsflug meira eða 16%. Fólk á miðjum aldri og þeir sem eru með mikla menntun og háar tekjur telja að þeir myndu nota innanlandsflug meira ef boðið yrði upp á lestarsamgöngur.



Mynd 24

Á að flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýrinni í Reykjavík?


29% allra svarenda voru sammála spurningunni, 14% óvissir og 57% mótfallnir því að miðstöð innanlands færi úr Vatnsmýrinni.



Mynd 25

Um 39% svarenda á höfuðborgarsvæðinu (einnig 39% Reykvíkinga) töldu að flytja ætti miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýrinni í Reykjavík, 36% svarenda í jaðarbyggðum og aðeins 7% svarenda í landsbyggðakjörnum þremur.

Andstaða við flutning miðstöðvar innanlandsflugs úr Vatnsmýri var mest í meðal svarenda í landsbyggðakjörnum eða 82%, 49% meðal svarenda á höfuðborgarsvæði, 50.3% Reykvíkinga og 42% í jaðarbyggð. Fjöldi óvissra var hæstur í jaðarbyggð eða 23% en 12% á höfuðborgarsvæði og 10% meðal svarenda í landsbyggðakjörnum.



Mynd 26

Ef Reykjanesbær er tekinn út úr flokknum jaðarbyggð vegna hagsmuna við flutning vallarins í næsta nágrenni verður niðurstaðan fyrir jaðarbyggð, 22% hlynnt færslu, 25% hlutlaus og 53% andvíg flutningi vallarins þ.e. meiri andstaða við flutning vallarins, sérstaklega hjá svarendum á Selfossi.

Um 46% svarenda í Reykjavík búsettra vestan Reykjanesbrautar vill sjá flugstarfsemina flutta í burtu úr Vatnsmýrinni og sama á við um svarendur í grann sveitarfélögum, en íbúar austan Reykjanesbrautar vilja halda í völinn á núverandi stað (67%). Þeir óttast líklega uppbyggingu á flugvelli í Hólmsheiði innan síns bæjarhluta

Ekki er mikill munur milli félagshópa hvað varðar afstöðu til hugsanlegan flutnings flugstarfsemi úr Vatnsmýrinni, þó má sjá að karlar eru heldur hlynntari því en konur og háskólaborgar og tekjuhærra fólk einnig. Andstaðan er mest meðal fólks 50 ára og eldra auk íbúa jaðarbyggða eins og fyrr var getið.

Að flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýri - Dæmi úr niðurstöðum fyrri kannanna:


Á síðustu árum hafa verið gerðar margar kannanir á viðhorfum landsmanna á því hvort flytja ætti miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri. Á mynd 27 eru tekin nokkur dæmi allt frá frá 2001 er Reykjavíkurborg stóð fyrir kosningu um framtíð flugs í Vatnsmýri meðal Reykvíkinga.

Tölurnar frá apríl 2005 og 2008 eru úr könnunum Land-ráðs sf og í apríl 2007 frá Capacent. Þessar niðurstöður eru ekki fullkomlega sambærilegar þar sem úrtaksaðferðir m.a. eru mismunandi.

Þannig ná kannanir Land- ráðs sf ekki til allra landsmanna, aðeins til höfuðborgarsvæðisins auk 6 annarra þéttbýlisstaða.

Almennt má segja að meirihluti landsmanna hefur viljað sjá miðstöð innanlandsflugs áfram í Vatnsmýri og um og yfir helmingur svarenda á höfuðborgarsvæði og í Reykjavík. Algengt er í þessum könnunum að um 15% allra svarenda sé hlutlaus þannig að rúmur þriðjungur vilji flugstarfsemina burt úr Vatnsmýri.

Í Könnun Capacent Gallup frá apríl 2007 eru niðurstöður ívið hærrí en í nýjustu könnun Land-ráðs sf frá apríl 2008. Samkvæmt könnun Capacent vildu 61,5% allra svarenda að flugvöllur yrði áfram í Vatnsmýri og um 52 til 55 % svarenda eftir kjördæmum á suðvesturhorni landsins. Um 80% svarenda í norðvestur- og norðausturkjördæmum vildu Reykjavíkurlflugvöll á sama stað.




Mynd 27

Myndu flugvenjur breytast ef miðstöð innanlandsflugs yrði flutt til Keflavíkur – eldri kannanir?


Í þremur fyrri könnunum Land-ráðs sf var spurt hvort ferðavenjur myndu breytast ef miðstöð innanlandsflug yrði flutt til Keflavíkur þ.e. vetrarkönnun 2004 -2005, könnun á ferðum frá 16 byggðasvæðum til Reykjavíkur í apríl 2006, og könnun meðal flugfarþega í apríl 2006. Það er greinilegt að þeir sem nota innanlandsflug mikið eins og flugfarþegar í könnunni vorið 2006 telja að þeir muni nota innanlandsflug minna ef miðstöðin yrði flutt úr Vatnsmýri til Keflavíkur. Hjá öðrum skiptast viðhorfin nokkuð jafnt milli þeirra sem sögðust myndu fljúga svipað og áður og þeirra sem töldu að þeir myndu fljúga minna.

Í vetrarkönnun 2004 – 2005 kom fram að 71% íbúa landsbyggðakjarna reiknuðu með að þeir myndu nota innanlandsflug minna, 35% svarenda á höfuðborgarsvæði og 38% Reykvíkinga. Um 60% svarenda á höfuðborgarsvæði reiknuðu með að þeir flygju álíka mikið og áður og um 2% að þeir myndu fljúga meira innanlands. Um 30% svarenda í jaðarbyggðum reiknuðu með að fljúga minna og 70% svipað og áður.

Í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Flugstoðir ohf um mánaðarmótin september –október 2008 kemur fram að 70% landsmanna vill flugvöllin á sama stað og 64% Reykvíkinga



Mynd 28



Mynd 29

Eðlilega skiptir þessi breyting miklu meira máli fyrir íbúa þeirra byggða sem eru í meira en 300 km fjarlægð frá höfuðborginni eða á svokölluðu flugsvæði. Um 54% íbúa þeirra svæða reiknuðu með að fljúga miklu minna, en aðeins 18% þeirra sem búa nærri höfuðborgarsvæðinu.


Breyting á heildarferðatíma með flutningi miðstöðvar innanlandsflugs til Keflavíkur.

Í vetrarkönnun 2004 – 2005 var einnig spurt hvort svarendur teldu að heildarferðatími myndi breytast við að miðstöð innanlandsflug yrði flutt til Keflavíkur. Um 89% íbúa landsbyggðakjarna reiknuðu með því ferðatími lengdist, 69% íbúa höfuðborgarsvæðis og 54% svarenda í jaðarbyggð.

Meða lenging ferðatíma allra svarenda var um 72 mínútur, 90 mínútur fyrir íbúa landsbyggðakjarna, 63 mínútur fyrir íbúa höfuðborgarsvæðis og 59 mínútur var meðaltal svara íbúa jaðarbyggðar (Reykjanesbær ekki með). Tíðasta svar fyrir öll búsetusvæði var að heildarferðatími lengdist um 45 – 60 mínútur.

Ef miðstöð innanlandsflugs yrði flutt úr Vatnsmýri hvert ætti þá að flytja hana?

Niðurstaða svara í vetrarkönnun 2007 – 2008 eru sýnd á línuritinu hér að meðan. Meirihluti allra svarenda eða 51% nefna Keflavík. 15% nefna Löngusker og 8% Hólmsheiði. Um 26% merktu við annað, einhvern ótilgreindan stað.



Mynd 30

62% svarenda jaðarbyggða nefna Keflavík og 57% svarenda á höfuðborgarsvæði en aðeins 28% íbúa landsbyggðakjarna. Um 28% þeirra nefna Löngusker en aðeins 5% Hólmsheiði. Eins og áður hefur komið fram eiga flugfarþegar frá landsbyggðakjörnum mun oftast erindi í miðborgina og nærliggjandi hverfi en þeir sem koma akandi til höfuðborgarsvæðisins frá jaðarbyggðum.


Ef litið er til félagshópa og búsetu innan höfuðborgarsvæðis kemur í ljós að eldra fólk er hlynntara færslu til Keflavíkur en þeir sem yngri eru. Hátt hlutfall eða 75% íbúa í vesturhluta Reykjavíkur vilja að miðstöðin fari til Keflavíkur en líst hvorki á Löngusker (7%) né Hólmsheiði (3%). Hlutfallslega háu hlutfalli svarenda á Selfossi (18%) og í úthverfum Reykjavíkur (15%) lýst vel á Hólmsheiði sem valkost fyrir nýjan flugvöll.

Hvert ætti þá að flytja miðstöð innanlandsflugs?: Sumarkönnun í september 2007

Í sumarkönnun 2007 var einnig spurt um hvert ætti að flytja miðstöð innanlandsflugs ef hún yrði ekki áfram í Vatnsmýri. Þar voru kostirnir, annarsstaðar á höfuðborgarsvæði, Keflavík og annað. Helsti munurinn á svörum í sumarkönnun 2007 og vetrarkönnun 2008 er sá að mun fleiri velja Keflavík í nýjustu könnuninni, 51% á móti 36%. Þetta á við öll búsetusvæði líka landsbyggðakjarna þótt svarendur þar vildu helst annan kost á höfuðborgarsvæðinu ef Vatnsmýri stendur ekki lengur til boða.

Mismunur svara á höfuðborgarsvæði milli sumarkönnunar 2007 og vetrarkönnunar 2008 er helst sá að mun fleiri velja Keflavík í nýrri könnuninni og heldur færri aðra kosti á höfuðborgarsvæði, 27% sumar 2007 og 22% vetur 2008. Heldur færri velja kostinn annað eða 21% í vetrarkönnun. Svör fyrir jaðarbyggð eru svipuð og á höfuðborgarsvæðinu og varðandi landsbyggðakjarna vekur athygli að

stuðningur við Keflavík hefur vaxið og stuðningur við aðra staði á höfuðborgarsvæði (Hólmsheiði og Löngusker) hefur minnkað verulega úr 56% í 28%.



Mynd 31

Eldri kannanir: Í vetrarkönnun Land-ráðs sf 2005 var spurt um viðhorf til flutnings á miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri til Keflavíkur. Niðurstaða allra svara var sú að 56% voru andvígir flutningi, 27% hlyntir og 17% hlutlausir. Ef aðeins er litið til svara íbúa höfuðborgarsvæðis 2005 voru 48% andvígir flutningi og 44% hlyntir.

Í könnun Capacent Gallup í apríl 2007 vildi 62% allra svarenda að flugvöllur yrði áfram í Vatnsmýri, 15% að hann væri fluttur til Keflavíkur, 8% völdu Hólmsheiði og 7% á Löngusker.

Ný könnun Capacent Gallup í september – október 2008: Í könnun sem Capacent Gallup vann fyrir Flugstöðir í september – október 2008 kemur fram að 70% landsmanna vill hafa Reykjavíkurflugvöll á sama stað og 64% Reykvíkinga. Um 78% svarenda í grann sveitarfélögum Reykjavíkur eru þessarar skoðunar og 78% landsmanna sem búa utan höfuðborgarsvæðis. Úrtakið var 1200 manns á öllu landinu, fólk á aldrinum 18 – 75 ára. Svarhlutfallið var 67.5%

Í hnotskurn má segja að meirihluti landsmanna (56% - 70% í nýlegum könnunum) vill að miðstöð innanlandsflugs verði áfram í Vatnsmýri og ríflega helmingur íbúa höfuðborgarsvæðis. Hefur stuðningur við veru vallarins í Vatnsmýrifarið farið vaxandi síðustu misseri.


Ef miðstöðin verði flutt þá fer stuðningur við Keflavík vaxandi en aðrir kostir á höfuðborgarsvæði (Hólmsheiði og Löngusker), njóta aðeins stuðnings um fimmta hluta þjóðarinnar. Íbúar landsbyggðakjarna sem nota mest innanlandsflug hafa minnkandi álit á þeim kostum.

Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu

Þetta er í annað sinn sem Land-ráð sf gerið viðhorfskönnun þar sem sérstaklega er tekið á ferðavenjum innan höfuðborgarsvæðisins. Fyrri könnunin var gerð í september 2007.

Fjarlægð milli heimilis og vinnustaða:

Meðalfjarlægð milli heimilis og vinnustaða á höfuðborgarsvæðinu eru um 6,5 km í vetrarkönnun 2008 og 5,8 km í sumarkönnun 2007. Niðurstöður eru mjög svipaðar og reyndist miðgildi allra ferða vera um 6 km. Um 44% svarenda í vetrarkönnun 2008 bjuggu í innan við 4 km fjarlægð frá vinnustað og 12% í yfir 11 km fjarlægð.




Mynd 32

Almennt er ekki er mikill munur eftir félagshópum, helst að fólk á miðjum aldri býi fjarri vinnustað, þeir sem eiga mörg börn og þeir sem hafa hár tekjur. Þetta fólk býr að stórum hluta í úthverfum. Háskólaborgarar búa margir miðsvæðis og eiga því heldur stutta leið til vinnu.



Mynd 33


Nokkur munur er eftir borgarhlutum (sjá kort sem skiptir höfuðborgarsvæðinu í 4 borgarhluta). Þeir sem búa í Reykjavík II milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar eiga að meðaltali styst til vinnu eða 4,4 km. Næst koma þeir sem búa í elsta hluta borgarinnar vestan Kringlumýrarbrautar 5,2 km. Lengstu ferð að meðaltali eiga þeir sem búa í Reykjavík og Mosfellsbæ austan Reykjanesbrautar. Meðalvegalengd þeirra sem búa sunnan Fossvogsdals eru 7,6 km. Rétt er að minna á að þetta er huglægt mat svarenda á lengd akstursvegalengdar en ekki mæling á raunverulegri vegalengd.



Mynd 34

Meðalferðatími milli heimilis og vinnustaðar:

Meðalferðatími í vetrarkönnun 2008 reyndist vera rúmar 9 mínútur (9 mínútur og 10 sekúndur) í vetrarkönnun 2008. Í sumarkönnun 2007 var sama tala 10½ mínúta. Líklegasta skýringin á þessum mun er sá að umferð er þyngri í september þegar sumarkönnun var gerð en í mars-apríl þegar vetrarkönnun fór fram. Eins gæti hafa dregið úr umferð vegna mun herra eldsneytisverðs vorið 2008.



Mynd 35


Ferðatími er stystur hjá þeim sem búa miðsvæðis í Reykjavík (Reykjavík II) nærri miðpunkti íbúðabyggðar í Fossvogsdal, en lengstur í úthverfum Reykjavíkur og í sveitarfélögum sunnan Reykjavíkur á höfuðborgarsvæðinu. Meðal ferðatími þeirra sem búa vestan Kringlumýrarbrautar í

Reykjavík (Reykjavík I) er ívið meiri en í Reykjavík II. Þetta er svipuð niðurstaða og í sumarkönnun 2007.

Miðað við ofangreindar niðurstöður um meðalakstursvegalengd og ferðatíma kemur í ljós að meðal aksturshraði á höfuðborgarsvæðinu er um 42 km á klst.

Meðalfjöldi ferða á virkum degi:

Meðalfjöldi ferða á virkum degi reyndist vera 3,9 ferðir í vetrarkönnun 2008 og 3,6 í sumarkönnun 2007 og eru niðurstöður allar mjög sambærilegar. Karlar fara að meðaltali fleiri ferðir en konur 4,7 á móti 3,2 ferðum. Fjöldi ferða minnkar með aldri sérstaklega eftir að miðjum aldri er náð. En hámarksfjöldi ferða er hjá aldurs hópnunum 35 til 44 ára um 4,9 ferðir að meðaltali. Háskólaborgarar og einhleypingar eru einnig mikið á ferðinni.




Mynd 36

Ekki er verulegur munur á meðalfjölda ferða eftir búsetusvæðum athygli vekur að fólk í elsta hluta Reykjavíkur fer í einna flestar ferðir að meðaltali enda býr þar hlutfallslega mikið af ungu fólki sem er mikið á ferðinni. Aftur á móti er ferðafjöldin minni hjá þeim sem búa í úthverfum en þeir fara að meðaltali í lengri ferðir.

Meðaltími í einkabíl á virkum degi:

Að meðaltali eyddu svarendur á höfuðborgarsvæðinu 52 mínútum í einkabíl á virkum dögum veturinn 2008. Sambærileg niðurstaða í sumarkönnun 2007 var svipuð eða 47 mínútur að meðaltali. Þessi munur sem ekki er mikill vekur þó upp þá spurningu hvort fólki dvelji lengur í bílum að vetrarlagi þegar kaldara er í veðri en á sumrin.

Karlar dvelja að meðaltali 13 mínútum lengur í bílum á hverjum virkum degi en konur. Ungt fólk 18 – 24 ára og fólk á miðjum aldri eyðir meiri tíma í einkabíl en aðrir aldurs hópar. Þeir sem búa í grannsveitarfélögum Reykjavíkur og úthverfum Reykjavíkur eyða meiri tíma í bílum en þeir sem búa í eldri hlutum Reykjavíkur tæplega klukkustund að meðaltali á móti 45 mínútum hinna.




Mynd 37

Í sumarkönnun 2007 voru þeir sem bjuggu utan höfuðborgarsvæðis einnig spurðir þessari sömu spurningar. Fólk í jaðarbyggðum eyddi í bíl 44 mínútum í bíl á virkum degi að meðaltali og svarendur í landsbyggðakjörnum 31 mínútu.


Ferðamáti innan höfuðborgarsvæðis:

Nær enginn munur er á ferðamáta þeirra sem ferðuðust um höfuðborgarsvæðið sumarið 2007 og veturinn 2008. Veturinn 2008 sögðust 86% aka einkabíl, 3% ferðast sem farþegar í einkabíl, 5% með strætó, 3% fara gangandi, 2% á reiðhjólum og 1% með öðrum hætti (t.d. fyrirtækisbílur).



Mynd 38

Konur nota strætisvagna meira en karlar og ganga meira. Þeir elstu og yngstu eru oftast farþegar í bíl og sjaldgæft er að fólk yfir 40 ára aldri noti reiðhjól. Fólk 18 – 34 ára og yfir 55 ára aldur notar meira strætó en aðrir aldurshópar.




Mynd 39

Helsti munur á ferðamáta eftir búsetusvæðum á höfuðborgarsvæðinu vorið 2008 er sá að notkun á einkabíl er lang minnst í elsta hluta Reykjavíkur (Reykjavík I) 75% allra ferða og þar er líka algengast að fólk noti strætó 10%, reiðhjól 7% eða gangi 5%. Fólk gengur einnig mikið í Reykjavík II enda býr það miðsvæðis. Strætisvagnanotkun er nokkuð almenn í úthverfum Reykjavíkur eða 7%. Í grann sveitarfélögunum er einkabílinn ríkjandi , 92% allra ferða.

Hvaða aðgerð gæti orðið til þess að þú notaðir einkabílinn minna?

Á myndinni hér að neðan eru dregnar saman niðurstöður svara um hvaða aðgerðir gætu haft veruleg áhrif til þess að viðkomandi notaði einkabílinn minna. Flestir nefndu lestarferðir 29%, því næst kom



Mynd 40


bætt þjónusta strætisvagna 27% og frítt í strætó 19%. Um 18% töldu að gjaldtaka á helstu umferðaræðum gæti minnkað notkun sína verulega og 11% stórbætt hjóla- og göngustígakerfi. Aðeins 9% töldu hækkun á stöðumælagjöldum gæti haft slík áhrif.

Konur, yngra fólk, tekjulægri einstaklingar og íbúar í Reykjavík vestan Elliðaána töldu að bætt þjónusta strætó gætu dregið úr einkabílanotkun þeirra í vetrarkönnun 2008. Fólk á miðjum aldri taldi hlutfallslega flest að bætt stígakerfi gæti haft þessi áhrif. Gjaldtaka á helstu umferðaræðum snertir helst yngri svarendur en tiltölulega lítið íbúa í grannsvaitarfélögum Reykjavíkur. Hækkun á stöðumælagjöldum kom mest við konur, eldra fólk og þá sem eru með lægstar tekjur. Karlar, yngra fólk og svarendur vestan Elliðaána höfðu mesta trú á lestarsamgöngum .

Í sumarkönnun 2007 var spurt hvað a aðgerð gæti helst orðið til þess að svarendur notuðu strætó meira. Hæst skoraði aukin ferðatíðni með 29% svara, bætt ferðaáætlun 20% og fríar ferðir 14%. Elstu svarendur vildu helst lækkun fargjalda, íbúar í grannsvaitarfélögum tíðari ferðir og fólk í miðbænum betri ferðaáætlanir

Ætti að koma upp lestarkefni á höfuðborgarsvæðinu?

Meirihluti svarenda eða 54% töldu æskilegt að koma á lestarkefni á höfuðborgarsvæðinu, þar af 29% mjög æskilegt. 11% voru hlutlausir og 35% töldu það ekki æskilegt þar af 17% mjög óæskilegt. Þeir sem voru hlyntastir þessu voru karlar, yngra fólk, fólk með miðlungs tekjur og svarendur sem búa vestan Elliðaána. Ekki var spurt um þetta í sumarkönnun 2007.




Mynd 41


Telur þú lestarkefni raunhæfan kost fyrir höfuðborgarsvæðið?

Þegar spurt var hvort fólk teldi að lestarkefni væri raunhæfur kostur svöruðu um 60% svo ekki vera , 17% töldu lestarkefni mjög raunhæfan kost og 18% frekar raunhæfan. Aðeins 5% voru ekki viss eða hlutlaus.

Ef þeim sem sem telja lestarkefni raunhæfan kost er skipt upp eftir undirhópum kemur í ljós að ekki er mjög mikill munur milli hópa. Í flestum tilfellum er um rúman þriðjung allra hópa að ræða. Fólk á aldrinum 35 – 54 ára er jákvæðast og þeir sem búsettir eru vestan Elliðaána í Reykjavík og sunnan höfuðborgarinnar en þeir sem búa í úthverfum Reykjavíkur hafa mun minni trú á þessu formi samgangna.



Mynd 42




Mynd 43

Ætti að stefna að lestarsamgöngum milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar?

Um 86% svarenda á höfuðborgarsvæðinu telja að stefna ætti að lestarsamgöngum milli Keflavíkurflugvallar og Höfuðborgarsvæðisins og er mikill stuðningur við þessa hugmynd í öllum undirhópum.


Karlar, eldra fólk og þeir sem búsettir eru sunnan Fossvogsdals á höfuðborgarsvæðinu eru ekki alveg jafn vissir og aðrir svarendur. Þeir sem eru með lægri tekjur og minni menntun eru heldur hlyntari framkvæmdinni en aðrir.



Mynd 44

Ætti að setja helstu umferðaræðar á höfuðborgarsvæðinu í göng eða stokka?


Mikill meirihluti svarenda eða 74% eru hlyntir hugmyndinni, 10% hlutlausir og 16% andvígir.



Mynd 45

Ef litið er á svör þeirra sem eru mjög hlyntir hugmyndinni eftir undirhópum kemur í ljós að hátt hlutfall fólks á aldrinum 35 – 54 ára er hlynt framkvæmdinni eða 43% og þeir sem búa miðsvæðis í Reykjavík (Reykjavík II) 46%. Þá eru þeir sem eru með háar tekjur og háskólamenntun hlyntari hugmyndinni en aðrir.

Án efa togast á í hugum fólks jákvæðir og neikvæðir þættir varðandi slíkar framkvæmdir. Þær eru mjög dýrar og mörgum finnst óþægilegt að ferðast í göngum og stökkum og missa tengsl við umhverfið. Aðrir líta frekar á kosti þess að komast hratt og örugglega milli borgarluta og fólk sem býr í grenndinni við miklar umferðaræðar er fegið að losna við hávaða og mengun frá mikilli umferð.




Mynd 46

Þrjár stórframkvæmdir á stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins – hver er mikilvægust?

Spurt var hverja eftirtalinnna framkvæmda við stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins svarendur teldu mikilvægasta:

- a) Mislæg gatnamót á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar með stokkum frá Rauðarárstíg að Stakkahlíð.
- b) Göng undir Öskjuhlíð milli Kringlumýrarbrautar og Hringbrautar (Hlíðarfótur)
- c) Sundabraut (göng undir Kleppsvík)

Sem fyrsta val fengu gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar mestan stuðning eða 47%. Næst kom Sundabraut með 40% og Hlíðarfótur með 11%. Sem annað val fær Sundabraut mestan stuðning eða 40%, Miklabraut/Kringlumýrarbraut 33% og Hlíðarfótur bætir mikið við sig fær 27% sem framkvæmd númer tvö. Þegar á heildina er litið er ekki mikill munur milli Miklabrautar/Kringlumýrarbrautar og Sundabrautar um fyrsta og annað sætið en Hlíðarfótur er greinilega í þriðja sæti þessara stórframkvæmda.




Mynd 47

Ef litið er til undirhópa er mestur stuðningur við mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar með tilheyrandi stokkum hjá körlum, yngri aldurshópum, fólki í hærri tekjuhópum og fólki búsettu á suðurhluta höfuðborgarsvæðis. Það fólk þarf t.d. iðulega að beygja til vinstri á þessum gatnamótum til að komast til miðborgarinnar og bíður nú lengi á ljósum á annatíma.

Mesti stuðningur við Hlíðarfót undir Öskjuhlíð er frá konum, miðaldra fólki, háskólaborgurum og fólki búsettu vestan Kringlumýrarbrautar í Reykjavík (Reykjavík I) og í grannsveitarfélögum Reykjavíkur enda um nýja tengingu milli þessara borgarhluta að ræða. Tveir háskólar verða í Vatnsmýrinni svo að Hlíðarfótur verður mikil samgöngubót fyrir starfsmenn þeirra.

Stuðningur við Sundabraut kemur hlutfallslega mest frá eldra fólki, fólki í lægri tekjuprepum og fólki búsettu í borgarhlutunum Reykjavík I og Reykjavík III sem fá mesta samgöngubót við þessa framkvæmd sem tengir þá beint saman.

Hver er mikilvægasta framkvæmdin í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri: Svörin við þessari opnu spurningu í könnuninni í mars- apríl 2008 eru nokkuð keimlík svörum við sömu spurningu í sumarkönnun 2007. Sundabraut er oftast nefnd, 33% svara, en hefur lækkað umtalsvert frá sumri 2007 þegar 41% nefndu þá framkvæmd.



Mynd 48

Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar eru í öðru sæti og hefur hlutfall þeirra sem nefna þá framkvæmd hækkað umtalsvert úr 13% í 19%. Þá vilja nú fleiri fjölga mislægum gatnamótum almennt eða 12% en 6% í sumarkönnun 2007.

Nú nefna 6% að bæta þurfi gatnakerfið almennt með fleiri akreinum og bættum gatnamótum en áður nefndu 10% þetta atriði. Bættar almenningssamgöngur nefndu nú 6% en 8% áður. Það sem

heldur fleiri nefna nú er; Miklubraut ofl stofnbrautir í stökk 5%, bættar aðkomuleiðir að höfuðborgarsvæði (Reykjanesbraut oftast nefnd) 5% og lesta- eða sporvagnakerfi 3%.

Almennt má segja að vaxandi umferðarþungi innan höfuðborgarsvæðis kalli á fleiri umbætur á núverandi stofnbrautakerfi (þ.e. margar mismunandi framkvæmdir), sem kemur fram í því að hlutfall þeirra sem nefna nýframkvæmd eins og Sundabraut lækkar. Hlíðarfótur er ekki oft nefndur sem einstök aðkallandi framkvæmd, frekar nefndur með öðrum æskilegum framkvæmdum.

Þá er trú manna á öðrum samgöngumátum en einkabílnum ekki mikil, því að hlutfall þeirra sem nefna umætur á almenningsvagnakerfi og hjóla- og göngustígum er ekki hátt. Helst að fleiri nefni nú lesta- og sporvagnakerfi en áður.

Viðauki I:

Kannanir Land-ráðs sf um samgöngur

Unnið fyrir samgönguráð

- 1) Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða: *Sumarferðir 2004*, nóvember 2004
- 2) Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða: *Vetrarferðir 2004 – 2005*, ágúst 2005
- 3) *Erlendir ferðamenn á Íslandi: Þróun á ferðavenjum og áhrif á samgöngukerfi*, júní 2006
- 4) *Könnun meðal farþega í innanlandsflugi*, í mars – apríl 2006, september 2006
- 5) *Ferðir til Reykjavíkur frá 16 landsbyggðasvæðum*, október 2006
- 6) *Ferðavenjur sumarið 2007*, janúar 2007
- 7) *Ferðavenjur veturinn 2007 – 2008*, október 2008

Viðauki II - spurningalisti

Ferðavenjur - veturinn 2007 - 2008

A) Ferðir út fyrir sveitarfélag (allir svara)

1. Vinnur þú utan sveitarfélags (búsetusvæðis) eða ferð þú vikulega eða oftár út fyrir sveitarfélag vegna vinnu eða viðskipta? (skrá hvort tveggja; vinna utan svæðis og fara vikulega eða oftár)
2. Þeir sem svara já við sp 1 Hve langan tíma tekur vinnuferðin út fyrir búsetusvæði að jafnaði aðra leiðina?
3. Hvar er vinnustaður þinn? allir vinnustaðir innan og utan búsetusvæðis – (skrá póstnúmer)
4. Hve oft ferðast þú út fyrir þitt sveitarfélag (byggðasvæði) í vetur, desember til febrúarloka (allar ferðir)
5. Ferðamáti: Hvernig ferðast þú oftast út fyrir sveitarfélag? (Í eigin bíl, farþegi með öðrum í bíl, með rútu, með flugi, með ferju, með öðrum hætti)
6. Erindi: Í hvaða tilgangi ferðaðist þú út fyrir sveitarfélag þitt síðastliðið sumar? (6 flokkar þmt læknisheimsókn)
7. Hve langan tíma taka þessar ferðir að jafnaði aðra leiðina (skrá í mínútum)?
8. Hættir þú við ferð út fyrir sveitarfélag (búsetusvæði) í vetur (desember – febrúar) vegna ófærðar og slæms veðurs? Ef já, Hve oft (þeir sem hættu við)
9. Hve oft fórst þú til höfuðborgarsvæðisins í vetur (des – febr)? (allir nema íbúar höfuðborgarsvæðis)
10. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngukerfi landsins á næstu misserum að þínu mati?

B) Flug (allir svara)

1. Hve oft flaugst þú innanlands síðustu þrjá mánuði?
2. Hve oft flýgur þú að jafnaði innanlands á ári?
3. Hve oft flýgur þú að jafnaði til Reykjavíkur (út á land, íbúar á höfuðborgarsvæði) á ári?
4. Flýgur þú nú meira, minna eða svipað innanlands og fyrir 3 – 5 árum?
5. Hvert var helsta erindið eða tilgangurinn með síðasta innanlandsflugi? (5-6 flokkar)
6. Á hvers vegum flýgur þú yfirleitt innanlands? a) eigin vegum, b) á vegum opinberra aðila (ríkis eða sveitarfélaga), c) á vegum einkafyrirtækis
7. Ef innanlandsflug væri flutt til Keflavíkur myndir þú nota innanlandsflug í sama mæli eða nota bílinn frekar? En ef settar yrðu upp lestarsamgöngur á milli RVK og KEF?
8. Hve oft flýgur þú til útlanda á ári að jafnaði? _____
9. Notar þú innanlandsflug þegar þú ferð í flug til útlanda? (aðeins svarendur sem búa í landsbyggðarkjörnum)
10. Ert þú sammála því að flytja eigi miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri?
11. Ef ákveðið verður að flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri í Reykjavík hvert ætti þá að flytja miðstöðina? (Hólmsheiði, Löngusker, til Keflavíkur, annað)
12. Hvert á höfuðborgarsvæðinu átt þú oftast erindi? a) Vestan Kringlumýrarbrautar b) Milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar c) Austan Reykjanesbrautar (Breiðholt-Grafarvogur-Mosfellsbær) d) Sunnan Fossvogsdals (Kópavogur til Hafnarfjarðar) e) Suðurnes f) Annað

C) Ferðir fólks á höfuðborgarsvæðinu
(skipt í 4 svæði - aðeins fyrir íbúa höfuðborgarsvæðis)

1. Hve langt er milli heimilis og vinnustaðar í km?
2. Hve langan tíma tekur ferð þín milli heimilis og vinnustaðar að jafnaði?
3. Hve margar ferðir ferð þú að jafnaði á virkum degi? – öll erindi (ein ferð = milli A og B)
4. Hve löngum tíma telur þú að þú eyðir í einkabíl að jafnaði á virkum degi?
5. Ferðamáti: Hvernig ferðast þú að jafnaði innan höfuðborgarsvæðis (flokkar)?
6. Hvert eftirtalinna aðgerða/framkvæmda gætu helst orðið til þess að **þú** notaðir einkabílinn minna? (a) Betri þjónusta *strætó* (þ.e. *tíðari ferðir strætó – bætt leiðakerfi strætó - stórauðinn forgangur strætisvagna*) – b) stórbætt göngu- og hjólastígakerfi – c) gjaldtaka á einkabíla á helstu umferðaræðum (t.d. ef einn er í bíl) – d) veruleg hækkun á stöðumælagjöldum og í bílastæðahúsum – e) lestakerfi
7. Telur þú æskilegt að stefnt verði að lestarsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu í nánustu framtíð?
8. Enn telur þú það raunhæfan kost?
9. Ætti að stefna að lestarsamgöngum milli Keflavíkurflugvallar og Höfuðborgarsvæðisins?
10. Hver af eftirtöldum framkvæmdum finnst þér vera mikilvægust?: a) Mislæg gatnamót á Miklubraut – Kringlumýrarbraut með tilheyrandi stokkum frá Rauðarárstig að Stakkahlíð b) Hlíðarfótur - göng undir Öskjuhlíð milli Kringlumýrarbrautar og Hringbrautar c) Göng undir Kleppsvík (Sundabraut).
11. Hvernig hugnast þér að setja helstu umferðaræðar á höfuðborgarsvæðinu í göng og/eða stokka?
12. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri að þínu áliti?

Bakgrunnsspurningar: Kyn – aldur (6) – búseta (3 og 10) – menntun (4) –
 fjölskyldutekjur(4) – hjúskaparstaða (2) – fjöldi í heimili (2)
 – fjöldi bíla (4)

Bjarni Reynarsson
 4. mars 2008